

29. fundur Skólaráðs haldinn 14. janúar 2019 kl. 16:00

Mætt eru Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri, Lena Ósk Guðlaugsdóttir og Sindri Snær Brynjólfsson fulltrúar nemenda. Hulda Karlsdóttir og Auður Erla Logadóttir fyrir hönd foreldra, Birta Huld Halldórsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir fyrir hönd kennara, Lovísa Sigurðardóttir sem situr fyrir hönd annars starfsfólks. Særún Sæmundsdóttir ritaði fundargerð. Berglind Kristinsdóttir sem situr fyrir hönd grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

Desember fundi skólaráðs var frestað af óviðráðanlegum ástæðum en þá átti að fjall um hvernig tvíanna mætti saman leiðarljósum skólans og einkunnarorðum.

Nemendur sögðu frá því sem er í gangi í skólanum og félagslífinu. Nemendur sammála að nóg sé að gera námslega en lítið hefur verið um að vera félagslega. Sigurgeir sagði frá því að framundan væri listahátíð skólanna á svæðinu sem haldin verður hjá okkur, hann kallaði eftir hugmyndum sérstaklega frá nemendum. Dans, spuni og framandi matargerð kom upp í huga fólks.

Farið yfir einkunnarorð og leiðarljós skólans. Fundarmenn sammála eftirfarandi texta sem fylgja mun leiðarljósum skólans: Leiðarljós Grunnskólans Hellu byggja á einkunnarorðum skólans sem eru; virðing, vinátta og víðsýni.

Fyrirspurn frá Lovísu varðandi sálfræðiþjónustu á vegum skólans. Ekki hefur verið ráðinn sálfræðingur við Skólaþjónustuna og það eina sem skólanum býðst er verktakaþjónusta sem vinnur úr tilvísunum sem berast frá skóla og eða foreldrum.

Fyrirspurn varðandi nefndarlaun þar sem nefndin er lögskipuð.

Næsti fundur skólaráðs verður 25. febrúar kl.16:00 þar sem fjallað verður um niðurstöður skólapúls nemenda frá því í október og Sigurgeir fer yfir jafnréttisáætlun skólans sem tekin verður fyrir á starfsmannafundi 15. Janúar 2019. Hafdís Dóra matráður hefur einnig óskað eftir að koma aftur inn á fund skólaráðs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundir slitið kl. 16:45  
Særún Sæmundsdóttir